**13. fundur Skólanefndar Framhaldsskólans á Laugum**

Þriðjudaginn 19. nóvember 2024.

Fundurinn hófst kl. 17:00

Mættir: Dagbjört Jónsdóttir, S. Narfi Rúnarsson, Guðrún María Valgeirsdóttir, Alma Dröfn Benediktsdóttir, Pétur Bergmann Árnason, Benedikt Barðason skólameistari, Ragna Heiðbjört Ingunnardóttir fulltrúi kennara og María Jónsdóttir fulltrúi foreldra. Alma ritaði fundargerð.

**Dagskrá:**

1. Fjárlög 2025
2. Útkomuspá 2024 og Ársáætlun 2025
3. Þriggja ára áætlun.
4. Beiðni Þingeyjarsveitar um kaup á byggingareitum á landi Laugaskóla
5. Tröllasteinn - staða
6. Staðan í dag - skólastarf og horfur fá vorönn
7. Ögn um sjálfsmat
8. Önnur mál

1. **Fjárlög 2025**

   Í fjárlögum 2025, eftir fyrstu umræðu, er gert ráð fyrir 110 ársnemendum í FL eins og undanfarin ár. Nemendaígildið metið á 4.620.000- og heildarfjárveiting til skólans 508,2 milljónir en það er um 5% hækkun frá síðustu fjárlögum. Að venju er húsaleiga stór þáttur í framlögunum.

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Rekstrar-framlög | Rekstrar-tilfærslur | Fjármagns-tilfærslur | Fjárfestingar-framlög | Heildar-fjárheimild | Rekstrar-tekjur | Framlag úr ríkissjóði |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| *02-363 Framhaldsskólinn á Laugum* | *495,0* | *0,0* | *0,0* | *13,2* | *508,2* | *-43,1* | *465,1* |
| 101 Framhaldsskólinn á Laugum | 495.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 495.0 | -43.1 | 451.9 |
| 601 Tæki og búnaður | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 13.2 | 13.2 | 0.0 | 13.2 |

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Reikningur 2023[1] | Fjárlög 2024 | Frumvarp 2025 | Áætlun 2026 | Áætlun 2027 |
|---|---|---|---|---|---|
| *02-360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ* | *1.296,3* | *1.306,3* | *1.395,6* | *1.395,6* | *1.395,6* |
| 101 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ | 1.286.9 | 1.290.8 | 1.379.5 | 1.379.5 | 1.379.5 |
| 601 Tæki og búnaður | 9.4 | 15.5 | 16.1 | 16.1 | 16.1 |
| *02-361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu* | *381,2* | *307,5* | *321,6* | *321,6* | *321,6* |
| 101 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu | 377.0 | 302.1 | 316.0 | 316.0 | 316.0 |
| 601 Tæki og búnaður | 4.2 | 5.4 | 5.6 | 5.6 | 5.6 |
| *02-362 Framhaldsskólinn á Húsavík* | *273,5* | *269,8* | *294,0* | *294,0* | *294,0* |
| 101 Framhaldsskólinn á Húsavík | 268.4 | 266.8 | 290.9 | 290.9 | 290.9 |
| 601 Tæki og búnaður | 5.1 | 3.0 | 3.1 | 3.1 | 3.1 |
| *02-363 Framhaldsskólinn á Laugum* | *483,2* | *475,9* | *508,2* | *508,2* | *508,2* |
| 101 Framhaldsskólinn á Laugum | 462.0 | 463.2 | 495.0 | 495.0 | 495.0 |
| 601 Tæki og búnaður | 21.2 | 12.7 | 13.2 | 13.2 | 13.2 |

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Rekstrar-framlög | Rekstrar-tilfærslur | Fjármagns-tilfærslur | Fjárfestingar-framlög | Heildar-fjárheimild | Rekstrar-tekjur | Framlag úr ríkissjóði |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 02-363 Framhaldsskólinn á Laugum | 495.0 | 0.0 | 0.0 | 13.2 | 508.2 | 43.1 | 465.1 |

2. **Útkomuspá 2024 og ársáætlun 2025**

   Í útkomuspá er gert ráð fyrir hallarekstri upp á 11.349 þús. Upp í þessa tölu eigum við 4.567 þúsund. Nettó halli er því um 6,8 milljónir. Inn í áætlun gerum við ráð fyrir 2 milljónum fyrir Tröllasteinsleigu og 2 milljónum vegna 3,5% launahækkunar annarra starfsmanna en kennara frá 1. apríl þótt það sé ekki búið að færa það inn tekjumegin. Einnig er aukinn kennsluafsláttar. Rekstartilfærslur í útkomuspá var bætt við aukaframlag vegna námsorlofs starfsmanns og greiðslu vegna ÍSAT.

   Önnur gjöld eru 241 mkr. Hækkun húsaleigu skýrir mest eða 10 m.kr. hækkun vegna hækkunar vísitölu um og væntanlegs samnings um hækkun á leigu vegna Tröllasteins. Rekstrartekjur 2024 eru 1 m.kr. lægri en fjárheimildir gera ráð fyrir þriggja ára áætlun

Þriggja ára áætlun var skilað 15. nóvember. Áætlunin var unnin í Akra í fyrsta skipti og var nokkuð frábrugðin fyrri áætlunum þar sem fyrri áætlanir voru unnar í ritvinnslu en þessi í excel umhverfi þar sem ýmsir mælipunktar voru forskráðir, svo sem úr stofnun ársins, miðlægri þjónustukönnun sem ekki hefur verið gerð fyrir framhaldsskóla og könnun um stafræna hæfni sem ekki hefur verið send út enda valkvæð hingað til. Þriggja ára áætlunin fjallar

- 02363 - Framhaldsskólinn á Laugum
  - 02363_A - MARKMIÐ: Kjarnastarfsemi
    - 02363_A1 - MARKMIÐ: Bæta ástundun nemenda-að nemendur ljúki á tilsky...
      - 02363_AM1.1 - Raunmæting heild 90%
      - 02363_AM1.2 - Raunmæting og útskýrðar fjarvistir 95%
    - 02363_A2 - MARKMIÐ: Líðan nemenda í skólanum
      - 02363_AM2.1 - Hljóðeinangrandi Loftplötur í kennslurými
      - 02363_AM2.2 - Líðan í skólanum
  - 02363_B - MARKMIÐ: Almennur rekstur
    - 02363_B1 - MARKMIÐ:
      - 02363_BM1.1 -
      - 02363_BM1.2 -
    - 02363_B2 - MARKMIÐ:
      - 02363_BM2.1 -
      - 02363_BM2.2 -
  - 02363_C - MARKMIÐ: Samræmd
    - 02363_C1 - MARKMIÐ: Góð þjónusta
      - 02363_CM1.1 - Ánægja viðskiptavina
      - 02363_CM1.2 - Stafræn skref
    - 02363_C2 - MARKMIÐ: Öflugur mannauður
      - 02363_CM2.1 - Starfsánægja
      - 02363_CM2.2 - Stafræn færni
      - 02363_CM2.3 - Jafnrétti
    - 02363_C3 - MARKMIÐ: Sjálfbær rekstur
      - 02363_CM3.1 - Rekstur innan áætlunar (mkr.)

Fundur verður með fagráðuneyti og skólameistara þriðjudaginn 19. nóvember um þriggja ára áætlunina og ársáætlunina.

3. **Beiðni Þingeyjarsveitar um kaup á byggingareitum á landi Laugaskóla**

*Sveitarfélagið Þingeyjarsveit hefur óskað eftir við ríkið að kaupa lóðarskika (sjá meðfylgjandi kort) á Laugum undir íbúðabyggð.*

*Óskað er eftir umsögn forsvarsmanna Framhaldsskólans á Laugum og Mennta- og barnamálaráðuneyti vegna þessa máls.*




Skólameistari hefur einnig, í samráði við Framkvæmdasýslu Ríkisins og Fjármála- og efnahagsráðuneytið óskað eftir nánari hugmyndum frá Þingeyjarsveit um hverskonar íbúðabyggð sé fyrirhuguð á reitunum. Almennt er mikilvægt að byggð og atvinnustarfsemi í nánd við heimavistarskóla í sveit hafi jákvæð eða a.m.k. hverfandi áhrif á skólastarf.

Miklar góðar og gagnlegar umræður voru um málið, skólameistara falið að fá nánari upplýsingar.

### 4. Tröllasteinn

Erindi hefur verið sent um að Tröllasteinn verði að meirihluta í eigu opinberra aðila. Einhver samtöl hafa á sér stað milli stjórnar Tröllasteins og eigenda en ekkert fast í hendi.

Samkvæmt upplýsingum frá forsvarsmanni Tröllasteins ehf er samningur um hækkun húsaleigu á lokametrunum. Hefur það fengist staðfest hjá ráðuneytisstjóra fagráðuneytis.

Afar mikilvægt er að sé minnst óvissa um rekstur og framtíð Tröllasteins enda forsenda skólastarfs á Laugum.

### 5. Staðan í dag - skólastarf og horfur fá vorönn

Búið er að panta hurðir og glugga þar sem lekið hefur á norðurhliðum húsa. Verið er að setja hljóðvistar loftplötur í vinnustofur á jarðhæð og er það á lokametrunum. Verið er að skoða þak á anddyri til austurs og gerði Faglausn nýlega úttekt á því. Búið er að setja upp og tengja myndavélakerfi í almennum rýmum og bílastæðum við skólann. Límmiðar eru

í prentun. Búið að setja texta um vöktun á heimasíðu skólans og setja upplýsingar inn í komandi húsaleigusamninga.

Tónkvíslin var haldin 16.11. Glæsilegur og vel heppnaður viðburður í alla staði.

Almennt er skólastarf búið að ganga vel þessa önn og eiga nemendur hrós skilið. Ástundun ágæt en nokkuð ber á fjarverum í fyrsta tíma eftir að skyggja tók á morgnana.

Það er ljóst að nokkrir nemendur munu hætta um áramót eða fara af heimavist. Annars vegar eru þeir sem vilja fara í skóla nær heimilum sínum og hins vegar eru þeir nemendur sem eru því sem næst búnir með námið, eiga einn til tvo áfanga eftir og taka þá áfanga í fjar- eða dreifnámi frá skólanum eða öðrum skólum. Búið er að opna fyrir umsóknir á vorönn. Komnar eru 6 umsóknir þegar þetta er ritað. Væntanlega gæti FL bætt við sig allt að 10 nemendum um áramót.

6. Sjálfsmat

Sjálfsmatsskýrsla fyrir skólaárið 2023-2024 er komin á heimasíðu skólans. Mat á haustönn stendur nú yfir. Búið að gera könnun hjá nemendum um vinnustofur og verið að vinna að kennslumati áfanga. Verið er að vinna eftir úrbótaáætlun skýrslunnar og eru framkvæmdir við hljóðvist hluti þess

7. Önnur mál

a) Verkefni afmælisnefndar – heimildamynd og stytta.

b) Tjörnin

8. Næsti fundur áætlaður 21. janúar 2025

Fundi slitið kl. 18:50